

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 18. apríl 2008
Tímasetning fundar: kl. 17:15 - 19:15
Fundarstaður: Skýrr hf., Ármúla 2, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt**

Farið var yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar (28. mars) og hún samþykkt. HG mun setja fundargerðina inn á vefsetrið þannig að hún sé þar aðgengileg öllum aðildarkórnum eins og aðrar fundargerðir Gígjunnar.

2. Fara yfir tilboð vegna flutnings á vefsetrinu yfir í nýtt umhverfi

Fyrir fundinum láu tvö tilboð um uppsetningu á vefsetri Gígjunnar í nýtt umhverfi. Tilboð frá Greind og Stefnu. Farið var vel yfir bæði þessi tilboð og ákveðið að taka tilboði frá Greind efh. Lág múla 4, 108 Reykjavík, (<http://greind.is>). HG mun svara báðum tilboðunum og hefja samvinnu við Greind eins fljótt og hægt er. Málið er í vinnslu.

3. Óformleg könnun á félagsgjöldum og fjölda æfinga hjá aðildarkórum

Undanfarnar vikur hafa stjórnarmeðlimir haft samband við aðildarkórana og óskað eftir upplýsingum um félagsgjöld og fjölda og lengd æfinga. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir formenn kóranna:

Hvað greiðir hver kórkona í félagsgjald yfir árið (miðað við starfsárið 2007-2008)?

Hvað eru margar kóræfingar á viku?

Hve langan tíma stendur hver æfing?

Upplýsingar eru ekki komar frá öllum kórum, stjórnarmenn halda áfram að safna þessum gögnum og senda til HG sem sér um að skrá þær inn í eitt skjal. Ákveðið að senda tölvupóst á póstlistann þegar allar upplýsingar eru komnar og kynna könnunina. Ákveðið að senda niðurstöður hennar eingöngu til þeirra formanna sem óska eftir þeim. Málið er í vinnslu.

4. Halda félagsfund á landsmótinu á Hornafirði

Stjórnin hefur óskað eftir því við landsmótsnefndina á Hornafirði að fá að halda félagsfund á mótinu, það var auðsótt mál. Stjórnin skipti með sér verkum varðandi fundinn og fór yfir skipulag hans. Ákveðið var að hafa fundinn mjög stuttan og eftirfarandi dagskrá:

- 1) Örstutta kynningu á landssambandinu, markmiðum þess og starfi.
- 2) Greina frá því að söfnun á gögnum frá liðnum landsmótum standi yfir og að þeim upplýsingum verði komið fyrir inn á vefsetri sambandsins.
- 3) Kynning á inngöngu Gígjunnar inn í SFH og aðdraganda þess máls.
- 4) Kynning á vefsetri sambandsins og þeim gögnum sem er að finna á því.

5. Senda fréttatilkynningu um landsmótið á fjölmiðla

Ákveðið að setja saman fréttatilkynningu um landsmótið og senda hana á alla fjölmiðla til þess að kynna mótið. Ákveðið einnig að skrifa frétt um landsmótið fyrir vefsetrið. HG tók það mál að sér. Málið er í vinnslu.

6. Senda kynningu á jólalagi Gígunnar bréfleiðis til aðildarkóra

Fyrir fundinum lágu drög að kynningarbréfi til allra aðildarkóranna um jólalagið. Farið var yfir bréfið, gerðar nauðsynlegar breytingar á því og ákveðið að koma því í póst sem fyrst. Bréfið hljómar eftirfarandi:

Ágæti formaður / stjórnandi,

Á síðasta ári barst stjórn Gígunnar mjög svo skemmtilegt erindi frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur í Kvennakórnum Vox feminae. Hún lagði það til að landssambandið léti semja fyrir sig jólalag sem allir aðildarkórar sambandsins gætu fengið í hendurnar, æft og frumflutt sama daginn. Stjórnin ákvað að framkvæma þessa hugmynd Sigurbjargar og hafði samband við Jón Ásgeirsson tónskáld sem tók glaður að sér verkið. Samið var við Jón um að semja þriggja radda "melódískt" jólalag. Honum var frjálst að velja gamalt íslenskt ljóð eða latneskt ljóð við lagið. Óskað var eftir því við hann að lagið yrði fullbúið til afhendingar 1. september 2008.

Sigurbjörg leggur það til að lagið verði æft á haustdögum og að allir kórar sambandsins (eða þeir sem áhuga hafa á þessu verkefni) frumflytji lagið allir á sama tíma eða fyrsta sunnudag í aðventu sem er 30. nóvember 2008. Hver kór gæti þá sungið verkið sem stólvær í sinni sóknarkirkju (eða annarri kirkju eftir því sem við ætti) annað hvort fyrir eða eftir hádegis. Það yrði ánægjulegt að flytja nýtt lag eftir Jón þar sem hann verður átttræður á árinu og væri flutningurinn því einnig honum til heiðurs.

Landssambandið mun auglýsa þennan atburð vel og mælumst við til þess að þeir kórar sem áhuga hafa á þessu geri það einnig. Þessi atburður mun rata í fjölmiðla með dyggri aðstoð okkar allra og þar með vekja verðskuldaða athygli á blómlegu starfi allra kvennakóra í landinu.

Sambandið mun senda ykkur nóturnar (1 stk.) sem þið fjölfaldið að vild fyrir ykkar meðlimi. Það er von okkar í stjórn Gígunnar að þessi hugmynd Sigurbjargar falli í góðan jarðveg og að við megum allar verða stoltar af þessum "lands-frumflutningi" allra (eða sem flestra) aðildarkóra Gígunnar.

Með bestu kveðju,
Stjórn Gígunnar; Sigrún, Dagbjört, Þuríður, Heiða og Þorgerður

Einnig var ákveðið að setja frétt um þetta mál inn á vefsetrið. HG mun sjá um það mál ásamt því að pósthafa bréfið til allra aðildarkóranna. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.
Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.